

Verkfall tónlistarkennara

Eftir Hólmfríðu Sigurðardóttur

Verkfall Félags tónlistarskólakennara hefur nú staðið í rúm- ar tvær vikur. Krafa tónlistarkennara er að fá sömu laun og aðrir kennarar í Kennarasambandi Íslands hafa samið um að undanförunu. Getur það verið, að ráðamönnum sé svo lítið um tónlistarmentun í landinu gefið, að þeim sé alveg sama þótt tónlistarkennsla stöðvist vegna þessarar sanngjörnu kröfu?

Samningarnir

Þetta eru þriðju samningarnir sem á að bjóða tónlistarkennurum lægri laun en öðrum kennurum. Kennarasamningar undanfarna ára hafa mjög gengið út á, að kennarar selji eitthvað úr gamla samningnum til ávinnings í þeim nýja. Er skemmst frá því að segja, að það er ekkert lengur sem hægt er að láta tónlistarkennara selja, því þar er ekkert til að selja. Viðvera okkar í skólunum er t.d. frá okkar tilbúna svo sveigjanleg, að við erum tilbúin að kenna hvenær sem nemendur okkar geta mætt, sem er oft ekki fyrr en undir kvöld og iðulega eru nemendatónleikar á kvöldin og um helgar.

Tvö atriði sem allt virðist velja á

En nú hengir Samninganevnd sveitarfélaga sig í tvö atriði. Annað er að lengd skólaársins eigi að vera gefin frjálst, en í síðustu samningnum, þ.e. árið 2011, var sett lágmarks lengd skólaársins inn í samningana og ekki að ástæðulausu. Nú vill samninganevndin fella þetta út, í þeim tilgangi að skólarnir geti bætt hag sinn með því að stytta skólaárið.

Og hvernig skyldu þeir geta það og hvers vegna skyldu Samninganevnd sveitarfélaga vera í mun að skólarnir geti bætt hag sinn á þennan máta? Jú, með styttingu skólaársins þyrftu kennarar eftir sem áður að skila sömu vinnu í heild yfir veturinn og til að þeir



Hólmfríður Sigurðardóttir

geti það yrði að lengja vinnuvikuna. Þar með væri hægt að koma fleiri nemendum á hvern kennara fyrir sömu laun og skólarnir gætu tekið fleiri nemendur inn og fengið þar með meira rekstrarfé í formi skólagjalda.

Og hvers vegna skyldu skólarnir þurfa meira rekstrarfé? Það er vegna þess að stærsta sveitarfélagið, Reykjavíkurborg, stendur ekki við þá samninga sem gerðir voru um fjárhagsstuðning við skólana, þ.e. laun kennara sem sveitarfélögin eiga lögum samkvæmt að greiða, og í stað þess að standa við það sem þeim ber, þá ætla borgaryfirvöld að bjarga sér fyrir horn á þennan máta, jafnvel þó lög segi til um að ekki sé leyfilegt að láta skólagjöld greiða laun kennara. Auk þess væru þetta svik við nemendur, sem þarna fengu mörgum vikum styttra skólaár.

Hitt atriði sem samninganevndin ætlar sér að koma í gegn núna er aukin samkensla tónlistarnemenda. Nefndin hefur ekki faglegar forsendur til þess að segja til um hvernig kennsla í tónlistarskólunum er best háttað og það er heldur ekki hægt að ætlast til þess af henni. Fagfólk veit að það verður hvorki fugl né fiskur að tónlistarnemendum sé kennt í hópum á hljóðfæri.

Raunveruleg verðmæti

Ég er alin upp í Tónlistarskóla Ísafjarðar á þeim tíma sem Ragnar H. Ragnar var þar skólastjóri, sá mikli hugsjónamaður og eldhugi. Á hverjum sunnudegi voru nemendatónleikar heima hjá honum og Sigríði konu hans, því skólinn átti ekki í önnur hús að venda. Þá talaði hann iðulega um hve tónlistin væri göfgandi og hve verðmæt hún væri okkur almennt í lífinu. Ég hef með árunum sannfærst æ betur um þennan sannleik og svo margt annað sem Ragnar kenndi okkur þessi sunnudags- síðdegi, þegar hann fór á flug og gaf okkur hugsanir sínar og

» Fagfólk veit að það verður hvorki fugl né fiskur að tónlistarnemendum sé kennt í hópum á hljóðfæri.

reynslu sem veganesti út í hversdaginn og lífið.

Undanfarið hef ég hugleitt eitt af því sem hann sagði, en það var, að vilji stjórnvaldanna til að leggja fé til menningar og lista væri ævinlega minnstur þegar mest væri til af peningunum og þá skyldum við einmitt biðja um meira.

Þetta höfum við því miður samreynt í Reykjavík, því þegar dansinn í kringum gullkálfinn var sem trylltastur fyrir hrun, fóru ráðamenn hjá Reykjavíkurborg að sjá svo ofsjónum yfir þeim peningum sem fóru til tónlistarskólanna í borginni, að nú er svo komið að þeir eru sumir að lotum komnir og í raun að verða gjaldþrota. Því miður er samfélag okkar víða orðið svo gegnsýrt af slíkum hugsunum, að einskisvert þrjá er til fleiri fiska metið en þau verðmæti sem mólur og ryð fær ekki grandað.

Uppgangur tónlistarskólanna á Íslandi undanfarna áratugi hefur verið ævintýri líkastur. Það þurfti góðan vilja og mikla elju til þess starfs, en aðeins þarf skamman tíma til niðurris, sem aldrei verður bætt.

Samninganevnd sveitarfélaga er strengjabrúða ráðamanna í Reykjavík og telur sig ekki hafa umboð til að jafna kjör tónlistarkennara við laun annarra kennara, nema með þeim afarkostum sem taka þessa samninga í gislingu. Ég hvet sveitarstjórnarmenn um land allt, þar sem tónlistarskólarnir eru víða metnir sem mikilvægar menningarstofnanir og vel að þeim hlúð, til að láta sig málið varða og stöðva þessa vitleysu.

Höfundur er pianóleikari og starfar við Söngskólann í Reykjavík.

Mínútur og mannlíf

Eftir Jakob Ólafsson

Í fréttum nýverið var fjallað um að sjúklingur, sem flytja átti milli hæða á Landspítala Íslands, var talinn í bráðri lífshættu þegar fór hans seinkaði um 12 mínútur í bilaðri lyftu. Einnig kom fram að starfsmenn spítalans hefðu verið í hættu þegar beita þurfti rafstuðtæki í því þrönga rými sem í lyftunni var, en því svipar til þess rýmis sem er í sjúkraflugvélum og þyrpum við sjúkraflutninga hér á landi.

Þessi frétt talar að mínu mati sínu máli þegar fjallað er um Reykjavík-urflugvöll og um þá miklu og brýnu sjúkraflutninga sem um hann fara. Borgarstjóri Reykjavíkur og hans fylgisveinar hafa haldið því fram að engu máli skipti þó að neyðarflugbrautin 06/24 verði aflögð ...

» Borgarstjóri Reykjavíkur og hans fylgisveinar hafa haldið því fram að engu máli skipti þó að neyðarflugbrautin 06/24 verði aflögð ...

Landspítala hafa stóruaust, hvort heldur það er landsbyggðarfolk eða ferðamenn sem í hlut eiga, og er það því skylda stjórnvalda að tryggja að landsmenn allir og þeir sem landið heimsækja eigi greiðan og hindrunarlausan aðgang við öll veðurskilyrði að Landspítala Íslands, spítala allra landsmanna en ekki eingöngu Reykvíkinga.

Höfundur er flugstjóri.



Jakob Ólafsson

fólk fullyrðir að 12 mínútna seinkun á flutningi sjúklings milli hæða á Landspítalanum hafi sett viðkomandi sjúkling í bráða lífshættu.

Samþjöppun í sjúkra- og heilbrigðisþjónustu landsins á seinni árum hefur valdið því að sjúkraflutningar af landsbyggðinni inn á bráðadeildir

Velvakandi Svarað í síma 569-1100 frá kl. 10-12 velvakandi@mbl.is

Lækna- verkfall

Læknar fara fram á háar launagreiðslur, miklu hærri en aðrir launþegar. Enginn efast um að læknar gegna mikilvægu starfi. Því gegna líka hinir sem voru hófsamir í kröfum sínum. Enginn er bættari með það ef verðbólga fer úr böndunum. Það hlýtur að vera áhyggjuefni hve mikið er um læknamistöð í heilbrigðiskerfinu. Eftir því sem sagt er fékk landlæknir 537 kvartanir frá 2011-2013. Þetta er óásættanlegt, einhverjir þurfa að sýna meiri ábyrgð í starfi.




Landspítalinn Læknadeilan er enn í hnúti.

Guðrún Magnúsdóttir.

Vefjagigt

Losnaði við verki og bólgu á 3 vikum

Ásdís Ómarsdóttir þjáðist af verkjum vegna vefjagigtar í 14 ár og var hjá sjúkrahjálfa reglulega. Með Lifestream AstaZan losnaði hún við festumein, bólgu og verki. Hún þakkar AstaZan betri líðan, betri svefn og meira úthald sem skapar fleiri gæðastundir með fjölskyldunni.



- Lagar og fyrirbyggir bólgu, stíðleika og eymsli.
- Eykur styrk, hreyfigetu og endurheimt.

Sjúkrahjálfarar og íþróttafólk mæla með AstaZan frá Lifestream

Astaxanthin 4mg, Lutein 4mg, lífrænt E-vítamín 10mg

Umboðsaðili: Celsus

Fæst í apótekum, heilsubúðum, stórmörkuðum og Fríhöfninni.

lifestream
náttúruleg uppsprettu bætiefni

FASTEIGNASALA REYKJANESS

Reynir Þorsteinsson
lögg.fasteigna & skipasali.
Víkurbraut 27, Grindavík
Sími 533 4455
www.netver.is

Til sölu endaraðhús við Staðarhraun í Grindavík



Um er að ræða 78,9 fm endaraðhús, skiptist niður í 2 svefnherbergi, stofu, eldhús geymsla innan af því, baðherbergi / þvottahús. Sólþallur í suður, sér garður. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð þ.m.t gluggar og gler, rafmagn og fl. Húsið skilast fullmálað að utan. **Ásett verð 15.6 millj.** Gott áhv. lán getur fylgt (ca 11,4 millj).